

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Grindavíkurbæjar, nr. 530/2022.

1. gr.

Við samþykktina bætast fjögur ný bráðabirgðaákvæði sem falla úr gildi 15 dögum eftir almennar sveitarstjórnarkosningar 2026, og hljóða svo:

- Bæjarstjórn, fastanefndir og starfslíð Grindavíkurbæjar skulu kappkosta að eiga skilvirkt samstarf við framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, sem starfar á grundvelli laga nr. 40/2024.
- Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 8. gr. er bæjarstjórn heimilt að funda utan Grindavíkur.
- Þrátt fyrir ákvæði 48. gr. kys bæjarstjórn eftirtaldir fastanefndir:
 - Samfélagsnefnd, sem fer með verkefni frístunda- og menningarnefndar, fræðslunefndar og félagsmálanefndar, að því leyti sem þau eru ekki falin öðrum. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
 - Innviðanefnd, sem fer með verkefni skipulagsnefndar og hafnarstjórnar, að því leyti sem þau eru ekki falin öðrum. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
- Með vísan til 4. gr. laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, nr. 40/2024, felur bæjarstjórn framkvæmdanefndinni ábyrgð og framkvæmd lögbundinna verkefna sveitarfélagsins á grundvelli laga um grunnskóla nr. 91/2008, laga um leikskóla nr. 90/2008 og laga nr. 86/2021, um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Grindavíkurbæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/2024, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 28. ágúst 2024.

F. h. r.

Guðni Geir Einarsson.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 28. ágúst 2024.

F. h. r.

Erna Kristín Blöndal.